

# **Notendahandbók Kálfafóstra U-40**



Landstólpi ehf.  
Gunnbjarnarholti  
801 Selfoss  
Sími: 480 5600  
Fax: 480 5655  
[www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
[landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)




<b>TÆKNIUPPLÝSINGAR</b> .....	<b>4</b>
<i>Byggingarmál</i> .....	5
<i>Yfirlit</i> .....	6
<i>Fóðurstöð</i> .....	8
<i>Virkni</i> .....	9
<i>Stjórnborð</i> .....	10
<i>Flýtihnappar</i> .....	11
<b>STAÐSETNING</b> .....	<b>12</b>
<b>TENGINGAR</b> .....	<b>13</b>
<i>Orkuþörf</i> .....	13
<b>SAMSETNING Á FÓÐURSTÖÐ</b> .....	<b>14</b>
<i>Tengingar</i> .....	17
<i>Vatnssía</i> .....	19
<i>Hálsbönd</i> .....	20
<b>FYRSTA START</b> .....	<b>21</b>
<b>STÖÐVUN Í LANGAN TÍMA</b> .....	<b>21</b>
<b>ENDURSTILLING</b> .....	<b>22</b>
<i>Endurstilling á vatnsskömtun</i> .....	22
<i>Endurstilling á mjólkurskömtun</i> .....	22
<i>Endurstilling á mjólkurduftsskömtun</i> .....	23
<i>Endurstilling á hitastigi</i> .....	23
<b>HREINSUN Á KÁLFAFÓSTRUNNI</b> .....	<b>24</b>
<b>FORRITUN</b> .....	<b>25</b>
<i>Forritun og stjórnun</i> .....	26
<i>Dæmi; sett inn dagsetning</i> .....	26
<b>AÐALVALMYND</b> .....	<b>27</b>
<i>Errors/Lists (villuboð/listar)</i> .....	27
<i>Errors (villuboð)</i> .....	27
<i>Lists (listar)</i> .....	28
<i>Alarm (aðvörun)</i> .....	28
<b>DYNAMIC MONITORING (SVEIGJANLEG VÖKTUN)</b> .....	<b>29</b>
<i>Villuboð 1:</i> .....	29
<i>Villuboð 2:</i> .....	29
<i>Síðasta fóðrun:</i> .....	29
<i>Dagsskammtur:</i> .....	29
<i>Lágmarksfóðurmagn:</i> .....	29
<i>Settings (stillingar)</i> .....	30
<i>Rights (drykkjarréttur)</i> .....	30
<i>Silo (fóðurgeymar)</i> .....	30
<b>REGISTER (SKRÁNING KÁLFA)</b> .....	<b>31</b>
<i>Calf registration-single (skráning stakra kálfa)</i> .....	31
<i>Calf registration in groups (skráning kálfa í hópum)</i> .....	32
<b>MAINTENANCE ORDERS (VIÐHALDSBEIÐNIR)</b> .....	<b>33</b>

<i>Feeder (kálfafóstra)</i> .....	33
<i>Stilling á hitastigi</i> .....	34
<i>Innstilling á blandara</i> .....	35
<i>Hreinsun</i> .....	36
<i>Merkjasendir</i> .....	36
<b>MAINTENANCE (VIÐHALD)</b> .....	<b>37</b>
<b>WHOLE MILK (MJÓLK)</b> .....	<b>38</b>
<b>PUMP IN (INNDÆLING)</b> .....	<b>39</b>
<i>Silo (fóðurgeymar)</i> .....	39
<i>Settings (stillingar)</i> .....	40
<i>Info (upplýsingar)</i> .....	40
<i>Feeding (fóðrun)</i> .....	41
<i>Feeding single animals (fóðrun einstaklings)</i> .....	41
<i>Settings-sub menu (stillingar-undirvalmynd)</i> .....	43
<i>Group feeding (fóðrun hóps)</i> .....	44
<i>Settings-Group (stillingar hóps)</i> .....	45
<i>Concentration (mjólkurduft)</i> .....	47
<i>Distribution (dreifing)</i> .....	48
<b>BIOLOGICAL FEEDING (ÓREGLULEG FÓÐRUN-LÍFFRÆÐILEG)</b> .....	<b>49</b>
<b>PERIODIC FEEDING (REGLULEG FÓÐRUN-SKAMMTAR Á DAG)</b> .....	<b>49</b>
<b>INFO (UPPLÝSINGAR)</b> .....	<b>51</b>
<i>Info single animal + delete (einstaklingsupplýsingar + eyða)</i> .....	51
<i>Delete (eyða)</i> .....	51
<i>Group info (upplýsingar um hópa)</i> .....	52
<b>HEALTH (HEILBRIGÐI)</b> .....	<b>52</b>
<i>Health of single animal (heilbrigði stakra kálfa)</i> .....	52
<i>Dosing medicines, fodder additives and electrolyte (lyfjagjöf, bætiefni og fæðubótarefni)</i> .....	53
<i>Liquid medicines (fljótandi lyfjagjöf)</i> .....	54
<i>Powder additives (bætiefni í duftformi)</i> .....	55
<i>Powder medicines (lyfjagjöf í duftformi)</i> .....	55
<i>Powder electrolytes (fæðubótarefni í duftformi)</i> .....	56
<i>Fyrri tímabil</i> .....	57
<i>Seinna tímabil</i> .....	57
<i>Group health (heilbrigði hóps)</i> .....	57
<i>Settings-limiting values (stilling frávíka)</i> .....	58
<b>CALENDAR (DAGATAL)</b> .....	<b>59</b>
<i>Group calendar (dagatal hóps)</i> .....	59
<i>Settings (stillingar)</i> .....	60
<b>SEARCH (LEIT)</b> .....	<b>60</b>


## Tækniupplýsingar

Gerð	U40 kálfafóstra
Mál	
Breidd	500 mm
Dýpt	500 mm
Hæð	1.230 mm
Mjólkurduftsáfylling	1.090 mm
Stærð fóðurstöðvar	
Breidd framan (innanmál)	360 mm
aftan (innanmál)	290-360 mm (stillanlegt)
Dýpt	1.250 mm
Hæð borð	900 mm
festing	1.250 mm
Þyngd	75 kg
Raftengi	Jarðtengd; 230 V 50 Hz 16 A
Hámarksstraumnotkun	2.800 W
Hámarksspenna	12.2 A / 230 V
Einangrunarstaðall	1
Lengd snúru	3 m
Vatnstenging	2 – 4 bar, ½” slanga
Afköst	60 kálfar 50 kálfar í fitun
Afköst stjórnstöðvar	10 kálfafóstrur
Mjólkurduft	
Rúmmál	35 kg
Rúmmál blandara	400 – 1200 ml
Hitastig blandara	25 – 45 °C
Blönduhlutfall	10 – 500 g/l
Mjólkurhlutfall	1 – 100 %
Gjafavalkostir	Stakir skammtar Regluleg fóðrun (skammtar á dag) Óregluleg fóðrun (líffræðileg)
Vatnsnotkun við hreinsun	Þvottur (duft) : 10.0 l Þvottur (mjólk) : 15.0 l (tvisvar á dag, þ.m.t. forhitari) Hreinsun (duft) : 2.0 l Hreinsun (mjólk) : 2.5 l
Lyfjaskammtari	Fljótandi: 5 l Fast: 2 l
Hávaðamörk	<72 dbA


# Byggingarmál




## Yfirlit




## Framhlið



## Framhlið með opna hurð




Hægri hlið



Séð ofan í mjólkurduftsgeymi

Mjólkurduftsgeymirinn samanstendur af poka og skömmtunarspíral. Þegar kálfur með drykkjarrétt kemur í fódurstöðina, snýst spírallinn og skammtar ákveðið magn af dufti fellur niður í blandarann. Á meðan hristist pokinn lítillega til að koma í veg fyrir kekkjun í duftinu. Pokinn getur geymt allt að 35 kg. af dufti.

## Fóðurstöð




Að framan

Að aftan




## Virgni




Nr.	Lýsing
1	Mjólkurgeymir
2	Mjólkurduftsgeymir
3	Forhitari
4	Hreinsiefni (alkaline)
5	Hreinsiefni (acidic)
6	Blandari
7	Fóðurstöð
8	Klemmuventill
9	Vatnsinntak
10	Vatnsventill
11	Mjólkurventill
12	Vatnsbað til hitunar á blandara

## Stjórnborð





Nr.	Lýsing	Virkni
1	Örvatakkar	Stjórnar blikkandi ör á skjánum
2	ESC	Hætt við, ef rangt gildi er slegið inn, er horfið til baka til fyrra gildis. Ef ekkert hefur verið slegið inn, er farið til baka á síðustu valmynd
3	DEL	* Hreinsar innslátt * Opnar aðgangsorð
4	ENTER	* Opnar insláttarreiti * Staðfestir innslátt
5	Númeratakkar	Töluginnsláttur og merkjabreytir (+/-)
6	"MENU" takkar	Bein leið inná valkosti neðst á skjá
7	Flýtihnappar	Beint innval á aðalvalmyndir
8	Gaumljós	* Grænt: Fóstran er í gangi * Gult: Færsla í aðvörunarlista * Rautt: Færsla í bilanalista
9	Skjár	Sýnir valmyndir og gildi

## Flýtihnappar




Nr.	Lýsing
F1	Aðalvalmynd
F2	Hópur (aðeins í framh. af F4-F8)
F3	Einstaklingur (aðeins í framh. af F4-F8)
F4	Upplýsingar
F5	Dagatal
F6	Fóðrun
F7	Mjólk
F8	Heilbrigði
F9	Útrentun
F10	Leit
F11	Aftur um eina síðu
F12	Áfram um eina síðu

## Staðsetning



Borplan

## Tengingar



Nr.	Lýsing
1	Samskiptatengi, fóðurstöð 1
2	Samskiptatengi, fóðurstöð 2
3	Lögn að fóðurstöð 1
4	Lögn frá fóðurstöð 1
5	Lögn að fóðurstöð 2
6	Lögn frá fóðurstöð 1
7	Vatnsinntak
8	Mjólkurinntak


## Orkuþörf

Rafmagn: 230V / 16A rakabéttur tengill, jarðtengdur.  
Hámarksfjarlægð frá fóstru, 2m


Vatn: ¾" krani  
Þrýstingur 2-4 bar  
Frostfrítt

## Samsetning á fóðurstöð


Samsetning á fóðurstöð: Athugið fyrst hvort allar skrúfur, rær, boltar og annað sem fylgja skal með, sé örugglega með.




Boltið móttakarafestingar og vinkla á gaflinn, (skrúfuhúsaar að utanverðu) athugið að kapalfesting á annarri festingunni þarf að vera sömu megin og kapalraufin á gaflinum.




Festið hliðarnar í rammana, hægri hliðin er stillanleg að aftanverðu.



Skrúfið gaflinn í, hægt er að velja lengdina á fóðurstöðinni eftir því hvort um er að ræða stóra eða litla kálfa.




Stingið móttakaranum inn um spenagatið framanfrá, og skrúfið fast með undirsinkuðu skrúfunum. Festið kapalinn tryggilega við járníð.



(1) M6 x 35 flat head (4 x) ❶

Skrúfið spenahúsið við gaflinn, með skrúfuhausana að innanverðu.




(1) M6 x 25 (4 x) ❶  
Flat spring M6 (4 x) ❶




## Tengingar

Festið ventlaboxið á spenahúsið



(1) M6 nuts with  
Washers (each 2 x) ①


Þrýstið hraðtenginu upp á spenarörið.



Þrýstið að/frá slöngunum upp á samsvarandi litaða stúta.




Rennið glæra plastlokinu yfir ventlaboxið, og gætið þess að frauðeinangrunin á slöngunum nái örugglega innundir hlífina. (frostvörn)



Tengið svo hinn endann á slöngunum í fóstruna, og hafið þær eins stuttar og frekast er unnt.

## Vatnssía


Skrúfið síuhúsið upp á vatnskranann, og gætið þess að sían snúi á annanhvorn veginn sem myndin sýnir. Notið slöngu sem er gefin upp fyrir 16 bar þrýsting að lágmarki. Herðið slönguna með tveim hosuklemmum, (fylgja ekki með) og skrúfið frá krananum til að þrýstiprófa. Fylgist vel með hvort einhverstaðar lekur.



Stingið slöngunni úr mjólkurgeyminum (ef nota á mjólk) upp á rörið undir fóstrunni. Tengið ½" slöngu í niðurfallið framan á fóstrunni, (90° hné fylgir) gott er að hafa slönguna gegnsæa til að geta fylgst með því sem frá henni kemur.




Borið næst 8,5 mm göt á hreinsiefnaílátin, til að stinga sogrörunum í gegn um.




### Hálsbönd

Festið merkjasendir og númer á ólarnar, athugið að svarti hlutinn af sendinum á að snúa fram, í átt að móttakaranum.



Fyllið duftgeyminn af mjólkurdufti, hámark 35 kg.

## Fyrsta start



1. Snúið aðalrofanum réttisælis á ON.
2. Stjórnbúnaðurinn framkvæmir kerfisprófun.
3. Vatnsforhitarinn hitar vatnið, það getur tekið 5-15 mínútur.
4. Núna ætti þessi mynd að koma upp á skjáinn.

5. Ef ekki er ýtt á neina takka í þrjár mínútur, slökknar á skjánum, en kviknar aftur um leið og ýtt er á hvaða takka sem er.

6. Það verður að slá inn lykilorð til að geta breytt forritun eða gefið skipanir. Kerfið er forstillt með "0000" sem lykilorð.

```
*****
*          URBAN - Feeding Technology          *
*                   Primus                      *
*                   =====                    *
*                   12.03.2007 13.39.52         *
*****
* Password active, please choose:              *
* Fault Register Feeder (01/02)               *
```

7. Ýtið á  takkann, og sláið inn lykilorðið, þ.e.
8. Af öryggisástæðum er lykilorðið aðeins virkt í þrjár mínútur, eftir þann tíma þarf að slá það inn aftur.

## Stöðvun í langan tíma

Ef fóstran er ekki í notkun í langan tíma, þarf að framkvæma nokkur atriði.

### Við hitastig yfir 5 °C

1. Fjarlægið öll vökvaflát úr fóstrunni og athugið dagsetningu á umbúðum.
2. Framkvæmið "Rinse 2" tvisvar.
3. Ef mjólk er notuð, framkvæmið "Whole Milk Rinse"
4. Skrúfið fyrir vatnið.
5. Slökkvið á fóstrunni.

### Við hitastig undir 5 °C

1. Fjarlægið öll vökvaflát úr fóstrunni og athugið dagsetningu á umbúðum.
2. Framkvæmið "Rinse 2" tvisvar.
3. Ef mjólk er notuð, framkvæmið "Whole Milk Rinse"
4. Skrúfið fyrir vatnið.
5. Stillið fóstruna á "Standby": Ýtið á  og  til að fá upp valmyndina.

6. Ýtið á  til að velja skipun.

7. Notið  /  til að velja "Standby".

8. Ýtið á  til að staðfesta.

Forhitarinn er virkur í "Standby" stillingunni, svo engin hætta sé á frostsKemmdum.

## Endurstilling

Endurstilla þarf kerfið reglulega til að tryggja nákvæma skömmtun og blöndun á fóðrinu.

- \* Strax eftir uppsetningu
- \* Eftir eina viku í notkun
- \* Á fjögurra mánaða fresti
- \* Hvert sinn sem skipt er um mjólkurduft

Nauðsynlegar endurstillingar eru vistaðar í kerfinu undir "Maintenance Orders" þangað til þær eru framkvæmdar.

### Endurstilling á vatnsskömmtun

Framkvæmið eftirfarandi þrep til að endurstilla vatnsskömmtun.

1. Ýtið á **F1** **M3** og **ENTER** notið síðan **F11** / **F12** til að velja "Calibrate", og **ENTER** til að staðfesta.

2. Þá ætti þessi mynd að koma upp á skjáinn:

Feeder No.: 01		U40-Feeder	
06.03.2007		Water:->03973 ms	
Water inlet accord. to: Calibration			
Results			
1:	04019	06.03.07	2: 04007 06.03.07
3:	03958	06.03.07	4: 03910 06.03.07
*			
Start	Average	Back	(01/06)

3. Ýtið á **M1** til að hefja endurstillingarferlið. Þá fyllist blandarinn af vatni, og kerfið mælir tímann í millisekúndum (ms). Tíminn er sýndur sem "Result 1".

4. Framkvæmið þetta endurstillingarferli þrisvar sinnum í viðbót. Í hver skipti sem kerfið mælir nýtt gildi, færast það í "Result 1" en hin færast niður um eitt sæti.

5. Ýtið á **M2** til að reikna út meðaltal þessara gilda. Þetta reiknaða gildi færast í "Water" og er notað til að ákveða rennslismagn vatnsins.

### Endurstilling á mjólkurskömmtun

Framkvæmið eftirfarandi þrep til að endurstilla mjólkurmagn í blöndu.

1. Fyllið mjólkurgeyminn og stingið sogstútnum ofaní.

2. Kallið upp valmyndina "Calibrate Whole Milk" með því að ýta á **F1** **M3** og **ENTER** og

notið **F11** / **F12** til að velja "Calibrate" og staðfestið með **ENTER**, Ýtið á **M4** nokkrum

sinum, eða þar til síða 02/06

kemur upp á skjáinn.

3. Ýtið á **M1** til að byrja endurstillingarferlið. Þá dælir fóstran mjólk í blandarann og mælir magnið. Framkvæmið þetta þrisvar sinnum.

Feeder No.: 01		U40-Feeder	
27.03.2007		Wholemilk:->---- ms (!)	
Water inlet accord. to: Calibration			
Results			
1:	03576	06.03.07	2: 03601 06.03.07
3:	03595	06.03.07	4: 03588 06.03.07
* No maintenance message for---			
Start	Average	Back	(02/06)

4. Ýtið á **M2** til að reikna út meðaltalið, sláið þeirri tölu inn í reitinn.


5. Fyrir kálfafóstrur sem eingöngu nota mjólkurduft, skal slá inn "---" til að eyða "maintenance message"

**ENTER** **DEL** **ENTER**

## Endurstilling á mjólkurduftsskömmtun

Framkvæmið eftirfarandi þrep til að endurstilla mjólkurduftsmagn í blöndu.

1. Kallið upp valmyndina "Calibrate" með því að ýta á



Notið til að velja "Calibrate" og staðfestið með



Ýtið á nokkrum sinnum, eða þar til síða 03/06 kemur upp á skjáinn.

3. Fyrir kálfafóstrur sem eingöngu nota mjólk, skal slá inn "---" til að eyða "maintenance message"



```
Feeder No.: 01   U40-Feeder
              Last calibration: 26.03.2007
              CMR:-->085 g (1)

* No maintenance message for---
Start                               Back   (03/06)
```

4. Opnið innri hurðina og haldið vigtarflátinu undir mjólkurduftsstútnum.

5. Ýtið á til að hefja endurstillingarferlið. Gerið þetta samtals þrisvar sinnum til að fylla ílátid.

6. Vigtið mjólkurduftið og deilið í með þremur.

7. Sláið inn útreiknaða gildið, (t.d. 85g) í línuna "CMR"




8. Ýtið á til að loka valmyndinni.

## Endurstilling á hitastigi

Framkvæmið eftirfarandi þrep til að endurstilla hitastig forhitarans.

1. Kallið upp valmyndina "Calibrate"

með því að ýta á



Notið til að velja "Calibrate"

og staðfestið með



Ýtið á nokkrum sinnum, eða þar til síða 04/06 kemur upp á skjáinn.

2. Ýtið á til að hefja endurstillingarferlið.

3. Ýtið á "circulation pump" hnappinn á hægri hliðinni, þangað til blandarinn tæmist.

4. Ýtið aftur stutt á hnappinn, en þá fyllist blandarinn aftur.

5. Endurtakið þrep 3 og 4;

*Einu sinni* ef slöngur eru minna en 2 m. milli stöðvar og fóstru.

*Tvisvar sinnum* ef slöngur eru á milli 2-6 m. milli stöðvar og fóstru.

*Þrisvar sinnum* ef slöngur eru meira en 6 m. milli stöðvar og fóstru.

6. Hitinn í blandaranum er síðan mældur með hitamælinum

7. Sláið inn hitastigið, t.d. 42° C í reitinn "temperature measured"









Ýtið á til að loka valmyndinni.

## Hreinsun á kálfafóstrunni

Fóstran er þrífín sjálfvirk á ákveðnu tímabili með ýmsum hreinsiferlum. Einnig er hægt að framkvæma þessi þríf handvirk.

Ferli	Lýsing	Hreinsitími
"Rinse 1"	Hreinsun með hreinsiefni 1 (acidic)	Duft: 20 mín. Mjólk: 24 mín.
"Rinse 2"	Hreinsun með hreinsiefni 2 (alkaline)	Duft: 20 mín. Mjólk: 24 mín.
"Whole milk rinse 1"	Hreinsun með hreinsiefni 1 (acidic) þ.m.t. mjólkurslöngu. (stungið ofaní blandarann)	26 mín.
"Whole milk rinse 2"	Hreinsun með hreinsiefni 2 (alkaline) þ.m.t. mjólkurslöngu. (stungið ofaní blandarann)	26 mín.


Til að framkvæma handvirka hreinsun, gerið eftirfarandi:

- Ýtið á   til að kalla fram valmyndina.
- Ýtið á  til að staðfesta.
- Notið  /  til að velja hreinsiferli.
- Ýtið á  til að staðfesta.



## Forritun










Kálfafóstran er forrituð og stjórnað með skipunum sem slegnar eru inn gegn um valmyndir á stjórnborði fóstrunnar.











Valmynd	Virkni	Dæmi
Villur/Listar	Sýnir villur og bilanir í fóstru	Hitastig of hátt (Temperature too high)
	Sýnir skilaboð tengd fóðrun	Kálfur "X" fékk ekki fóður (Animal "X" did not retrieve its fodder) Kálfur "X" á enn rétt á 0,7 l. af fóðri (Animal "X" still has rights to 0,7 l.)
Kálfaupplýsingar	Forritun á upplýsingum um kálfa, einstaklingum og hópum.	* Fæðingardagur * Kyn * Flokkun í hóp
Fóstra	Forritun á vinnslukerfi kálfafóstrunnar	* Hitastig * Endurstillingar * Hreinsiferli
Bætiefni/Síló	Sýnir magn fóðurs	
Almennar stillingar	Insláttur á ýmsum upplýsingum	* Dagsetning, ártal * Byrjun á daglegri fóðurgjöf * Tungumál
Almennar upplýsingar	Ýmsar upplýsingar frá framleiðanda	Útgáfa 4.21 frá 30 janúar 2007 (Vers. 4.21 from jan 2007)

Þegar kveikt er á fóstrunni, kemur upp fyrri síðan á aðalvalmyndinni. Farið er inná allar valmyndir með því að nota takkana undir skjánum, fyrir ofan þá stendur hvaða valmynd er farið inná með hverjum takka. Einnig er hægt að fara beint inná valmyndir með flýtihnöppum á stjórnborði.


## Forritun og stjórnun

1. Sláið inn lykilorð:     
2. Notið örvatakkana til að velja línu.
3. Ýtið á  til að staðfesta valið. (línan er lituð svört)
4. Sláið inn rétt gildi á lykilorðinu. Ef velja þarf fullyrðingu, t.d. "yes/no" skal nota  /  til að velja.
5. Ýtið á  til að staðfesta valið og ljúka stillingunni.

## Dæmi; sett inn dagsetning

1. Sláið inn lykilorð:     
2. Farið inná "Settings" valmyndina:   
3. Færið bendilinn á "Date" línuna.

```
Adjustments
Time: 12:12:16
Date: ->01.01.2000
Password: 0000
Farm: 12345678
LCD contrast: 080
*
(01/03)
```


4. Notið  til að virkja línuna.

```
Adjustments
Time: 12:12:16
Date: ->01.01.2000
Password: 0000
Farm: 12345678
LCD contrast: 080
*
(01/03)
```

5. Sláið inn dagsetningunni án punkta.

```
Adjustments
Time: 12:12:16
Date: ->16.03.2007
Password: 0000
Farm: 12345678
LCD contrast: 080
*
(01/03)
```

6. Ýtið á  til að geyma og staðfesta.

```
Adjustments
Time: 12:12:16
Date: ->16.03.2007
Password: 0000
Farm: 12345678
LCD contrast: 080
*
(01/03)
```

# Aðalvalmynd

Beint innval: F1

Aðalvalmyndin er byrjunarpunktur fyrir allar skipanir og stillingar, hún samanstendur af tveim síðum. (01/02) og (02/02)

- M1 "Errors/Lists" valmyndar
- M2 "Create" valmyndar
- M3 "Maintenance Orders"/"Feeder"
- M4 Áfram til síðu (02/02)

```

                Show list
M1: Daily alarm list
M2: Dynamic monitoring
M3: Current right to drink
M4: Silo
    Animal:->Calves      Group: All
*
    Alarm      Monitoring      Right      Silo
    
```

```

*****
*      URBAN - Feeding Technology      *
*                      Primus          *
*                      =====        *
*                      12.03.2007 13.39.52 *
*****
*      Password active, please choose:
*      Fault Register Feeder (01/02)
    
```

- M1
- M2
- M3
- M4

- M1 Áfram til "Silo" valmyndar
- M2 Áfram til "Settings" valmyndar
- M3 Áfram til "Info" valmyndar
- M4 Tilbaka á síðu (01/02)

```

*****
*      URBAN - Feeding Technology      *
*                      Primus          *
*                      =====        *
*                      12.03.2007 13.39.52 *
*****
*      Password active, please choose:
*      Silo Setup Info (02/02)
    
```

- M1
- M2
- M3
- M4

## Errors/Lists (villuboð/listar)

Er notuð til að sjá:

- \* "Errors" villuboð sem tengjast fóstrunni sjálfri eru sýnd hér, ásamt þeirri dagsetningu og tíma sem villan kom upp. Villuboð eru aðeins sýnd ef einhver eru.
- \* "Lists" ýmsar upplýsingar sem tengjast kálfunum eru aðgengilegar hér.

## Errors (villuboð)

Beint innval: F1 M1



Flestar villur eða bilanir í kerfinu eru vistaðar í minni, með upplýsingum um tíma

og dagsetningu. Þegar það gerist, kviknar rautt ljós á stjórnborðinu. (sjá mynd til vinstri) Á sömu stundu breytir "Lists" valmyndin yfir í "Errors".

Ýtið á M1 til að opna fyrstu villuboð á valmyndinni, hér til hægri er dæmi um hvernig þau líta út.

```

*****
*      URBAN - Feeding Technology      *
*                      Primus          *
*                      =====        *
*                      12.03.2007 13.39.52 *
*****
*      Password active, please choose:
*      Fault Register Feeder (01/02)
    
```

```

                Fault

U40 No: 1
no water inlet when cleaning
    appeared on: 14.03.2007      at: 11:11
*
    Abortion                      Next
    
```



Hnappur	Virkni	Áhrif
<span style="border: 1px solid black; padding: 2px;">M1</span>	"Abort"	Áfram á aðalvalmynd án þess að eyða villuboðum
<span style="border: 1px solid black; padding: 2px;">M4</span>	"Next"	Næstu villuboð / til baka á aðalvalmynd og eyða boðum

## Lists (listar)

Beint innval:  



Þarna er hægt að skoða allar upplýsingar um einstaklinga og hópa. Þegar listi hefur verið valinn, er hægt að velja einstaklinga til að skoða og breyta gjafaforsendum. Ef einhverjar athugasemdir eru ólesnar í einhverjum af listunum, kviknar á gula ljósinu á stjórnborðinu. (sjá mynd til vinstri)

Hnappur	Virgni	Gult ljós
	Áfram á "Alarm" lista	Logar, ef færslur í lista eru óskoðaðar
	Áfram á "Dynamic Monitoring" lista	Blikkar
	Áfram á "Rights" lista	
	Áfram á "Silo" lista	Logar stöðugt

## Alarm (aðvörun)

Beint innval:   





Ef einhver villuboð eru til staðar, kviknar gult ljós á stjórnborðinu. (sjá mynd til vinstri)

Fodder 1 in kg			
0001/01	0002/01	005/02	016/02
00.6	00.8	00.7	02.5
* Print		Next	

Kálfur Nr	Hópur	Drakk ekki í gær
1	1	0.6 kg Fodder 1
2	1	0.8 kg Fodder 1
5	2	0.7 kg Fodder 1
16	2	2.5 kg Fodder 1

Limiting value (viðmiðunarmörk)	Standard setting (forstilling)
Remaining fodder from the day before (afgangsfóður)	Active (virkt)
Aborted station visit (dvöl stöðvuð)	Active (virkt)
Length of stay (lengd dvalar)	Not active (óvirkt)
Station visits (dvalartíðni)	Not active (óvirkt)
Drinking speed (drykkjuhraði)	Not active (óvirkt)
Dehorning (hornskelling)	Not active (óvirkt)
Inoculation 1/2 (bólusetning)	Not active (óvirkt)
Solid medicines (lyf í föstu formi)	Active (cannot be deactivated)
Liquid medicines (lyf í fljótandi formi)	Active (cannot be deactivated)
Calf to heifer (kálfur til kvígu)	Active (cannot be deactivated)

Þegar búið er að skilgreina viðmiðunarmörkin, er hvert frávik skráð í "Alarm" listann.

Hnappur	Virgni
	Útprentun (ekki möguleiki á U20 kálfafóstrunni)
	Staðfesting á uppflettingu, áfram til næstu villuboða (ef einhver eru), annars tilbaka á "Lists" valmyndina

## Dynamic Monitoring (sveigjanleg vöktun)

Beint innval: F1 M1 M3



Ef einhver villuboð eru til staðar, kviknar gult ljós á stjórnborðinu. (sjá mynd til vinstri)

0025/01	002/01	0035/02	(1)	
06.0	04.8	06.0	(2)	----
06.0	04.8	04.7 *	(3)	----
09:10	10:40	12:20	(4)	--:--
01.5	01.5	00.6	(5)	----
---	---	003	(6)	----
*				
Print	Setup	Back	Overview	

- (1) Númer kálfs / hóps.
- (2) Dagsskammtur / tegund fóðurs.
- (3) Áminning/ drykkjarréttur.
- (4) Tími frá síðustu fóðrun.
- (5) Síðasta fóðurmagn.
- (6) Hve oft hætt við fóðrun.

Mjög mikilvægur hluti U40 kálfafóstrunnar er sveigjanleg vöktun (Dynamic Monitoring). Drykkjarhegðun kálfanna er vöktuð og skilgreind með villuboðum, t.d. ef kálfur hættir við eða fær ekki nægjanlegt magn fóðurs. Tvær gerðir villuboða eru til.

**Villuboð 1:** Ef farið er út fyrir viðmiðunarmörkin, birtist kálfurinn í "Dynamic Monitoring" listanum. Ef hann hinsvegar lendir aftur innan marka, dettur hann útaf listanum, en verður samt vaktaður umfram hina kálfana eitthvað áfram.

**Villuboð 2:** Ef farið er út fyrir viðmiðunarmörkin, birtist kálfurinn á listanum, og eyðist ekki útaf honum nema það sé gert handvirkt.

Til að þetta kerfi virki eins og til er ætlast, verður að upplýsa kerfið um nokkur gildi.

**Síðasta fóðrun:** Þegar kálfurinn hefur fullnýtt drykkjarréttinn. Ekki er talið með ef hann drekkur lítið, eða hættir við.

**Dagsskammtur:** (allar fóðurgerðir)

Fyrir kálfa: Fóðurgerð 1 (mjólk) og fóðurgerð 2 (bætiefni).

Fyrir kvígur og kýr: Fóðurgerðir 1 - 4.

### Lágmarksfóðurmagn:

Hnappur	Virgni
<span>M1</span>	Útprentun
<span>M2</span>	Áfram á "Settings" valmynd
<span>M3</span>	Tilbaka á "Lists" valmynd
<span>M4</span>	Áfram á "Overview" valmynd (yfirlitsmynd)

## Settings (stillingar)

Hér eru slegin inn gildin fyrir viðmiðunarmörkin.

Hnappur	Virkni
M3	Tilbaka á "Dynamic Monitoring" lista

Overview" valmynd "

Hér sést yfirlit yfir alla kálfa sem eru í vöktun hverju sinni. Þeim er raðað eftir fjölda frávíka.

Adjustments	Monitoring
	Monitoring value 1: ->040 Monitoring value 2: 050
*	Back

Overview	Monitoring
0025/01 0002/01 0035/02 048 * 041 * 040	
*	Print Setup Back

Hnappur	Virkni
M1	Útprintun
M2	Áfram á "Settings" valmynd
M3	Tilbaka á "Dynamic Monitoring" lista

## Rights (drykkjarréttur)

Beint innval: F1 M1 M3

Kálfur	Hópur	Á eftir að drekka
4	1	1.5 kg. Fóður 1
5	1	1.5 kg. Fóður 1
9	1	1.0 kg. Fóður 1
16	2	1.5 kg. Fóður 1

Current rightt to drink	Fodder: 1
0004/01 0005/01 0009/01 0016/02 01.5 01.5 01.0 01.5	
*	Print Nextw

Hnappur	Virkni
M1	Útprintun
M4	Staðfesting á uppfléttingu, áfram til næsta kálfs (ef einhver er), annars tilbaka á "Lists" valmyndina

## Silo (fóðurgeymar)

Beint innval: F1 M1 M4



Ef einhver villuboð eru til staðar sem ekki hafa verið lesin, kviknar gult ljós á stjórnborðinu. (sjá mynd til vinstri)

Silo	
01 00100	
*	Print Next

Hér sést ef magn í fóðursílóum fer niður fyrir ákveðið lágmark.

Hnappur	Virkni
M1	Útprintun
M4	Staðfesting á uppfléttingu, áfram ánæsta síló (ef eitthvert er), annars tilbaka á "Lists" valmyndina

## Register (skráning kálfa)

Beint innval:

Hnappur	Virkni
<input type="button" value="M1"/>	Skráning kálfa
<input type="button" value="M2"/>	Skráning kvíga
<input type="button" value="M3"/>	Skráning kúa

```

Register

Choose a type of animal to register

*
  Calf      Heifer      Cow
    
```

Hér eru skráðar allar upplýsingar um kálfana (einstaklinga og hópa) ásamt fóðurþörf og þessháttar.

```

Calf Register
Number:-->0001      Female
Group: 01          5 Training days
Birth:            29.03.2007
Registered number:  -----
Responder number:  0001
*
Confirm          Several      Sex
    
```

## Calf registration-single (skráning stakra kálfa)

Beint innval:

Innsláttur	Virkni
Number (númer)	Raðnúmer kálfs, sjálfvirkt fyrsta lausa númer
Sex (kyn)	Víxlið kynjum með <input type="button" value="M3"/>
Group (hópur)	Númer hóps sem kálfurinn tilheyrir
Training period (þjálfunartími)	Lengd aðlögunar
Birth date (fæðingardagur)	Sjálfvirkt, núverandi dagur
Registered number (skráningarnúmer)	Valmöguleiki, þarf ekki að nota
Responder number (merkjasendir)	Númer á hálsbandi. (helst sama og raðnúmer)

Hnappur	Virkni
<input type="button" value="M1"/>	Staðfesting á skráningu, næsta númer verður fyrsta lausa númer
<input type="button" value="M2"/>	Áfram til "Calf registration, in groups" (skráning kálfa í hópum)
<input type="button" value="M3"/>	Víxlar kyni kálfsins

**Calf registration in groups  
(skráning kálfa í hópum)**

Beint innval:  F1  M2  M1  M2

Calf Register	
Start number: ->0002	Female
End number: 0002	
Group: 01	5 Training days
Birth: 29.03.2007	
Responder number: 0002	
* Confirm Sex	

Innsláttur	Virgni
Number (númer)	Raðnúmer fyrsta kálfs í hópnum, fyrsta lausa nr.
Sex (kyn)	Víxlið kynjum með <input type="checkbox"/> M3
End number (loka númer)	Raðnr. síðasta kálfs í hópnum, fyrsta lausa nr.
Group (hópur)	Númer hóps sem kálfurinn tilheyrir
Training period (þjálfunartími)	Lengd aðlögunar
Birth date (fæðingardagur)	Sjálfvirkt, núverandi dagur
Responder number (merkjasendir)	Númer á hálsbandi. (helst sama og raðnúmer)

Hnappur	Virgni
<input type="checkbox"/> M1	Staðfesting á skráningu, næsta númer verður fyrsta lausa númer einstaklings
<input type="checkbox"/> M3	Víxlar kyni kálfsins



## Maintenance Orders (viðhaldsbeiðnir)

Beint innval:

```
*****
*           Urban - Feeding Technology           *
*                   Primus                       *
*                   =====                     *
*           12.03.2007   13.39.52                *
*****
Automatic M3 maintenance orders
Lists      Register      Feeder      (01/02)
```

```

Maintenance
Feeder No. 01

New water calibration

last time on: 29.03.2007
*
          Carry out      Feeder      (1) (2)
                                   (01/04)
```

- (1) Séríunúmer á viðhaldsbeiðni.  
(2) Heildarfjöldi viðhaldsbeiðna.

Hnappur	Virkni
<input type="button" value="M2"/>	Áfram á viðeigandi valmynd (7. lína)
<input type="button" value="M3"/>	Áfram á "Feeder" valmynd án þess að opna "Maintenance order"
<input type="button" value="M4"/>	Áfram á næsta "Maintenance order" (viðhaldsbeiðnir)

### Feeder (kálfafóstra)

Beint innval:

```

Feeder No. : 01 (1) U40-Feeder           Yes (2)
Animal Right Responder           Energy
0016 (3) 01.5 (4)   0016 (5)           050 (6)

Present: Feeding (7)
Choice:->Feeding (8)
*
Wholemilk      Pump in      Teat      (01/05)
```

- (1) Sýnd fóstra.  
(2) "Yes" = fóstran er tengd.  
(3) Númer kálfs við fóstruna.  
(4) Drykkjarréttur kálfs í lítrum  
(5) Nr. á hálsbandi  
(6) Styrkur sendis.  
(7) Val um aðgerð  
(8) Núverandi aðgerð

Hnappur	Virkni
<input type="button" value="M1"/>	Áfram á "Whole Milk" valmynd (mjólk)
<input type="button" value="M2"/>	Áfram á "Pumping" valmynd (dæla)
<input type="button" value="M3"/>	Áfram á "Teat" valmynd (speni)
<input type="button" value="M4"/>	Áfram á bls. 02/05

Hægt er að velja mismunandi aðgerðir með því að nota  / . Þær eru:

- "Feeding" (gjöf)
- "Different rinsing programs" (mismunandi hreinsiferli)
- "Calibrating" (endurstilling)
- "Standby" (hvíld)

## Stilling á hitastigi

```
Feeder No.: 01    U40-Feeder
Target temperature:->42.0 C (1)
Temperature is: 42.3 C (2)

*
Extended (02/05)
```

- (1) Innstilling á hitastigi.
- (2) Núverandi hitastig.

Hnappur	Virkni
M1	Áfram á "Extended temperature" valmynd
M4	Áfram á bls. 03/05

```
Feeder No.: 01    U40-Feeder
Temperature tolerance neg.: ->10.0 C (1)
Temperature tolerance pos.: 05.0 C (2)

Mixing bowl deviation: 05.0 C (3)
Mixing bowl is: 40.2 C (4)

*
Back
```

- (1) Innstilling á hámarksfrávikni á hita drykkjar niðurávið. (læggra en)
- (2) Innstilling á hámarksfrávikni á hita drykkjar uppávið. (hærra en)
- (3) Innstilling á hámarksfrávikni á hita blandara frá "target" hitastigi.
- (4) Núverandi hitastig í blandara.

Hér eru slegin inn leyfileg frávik frá æskilegu hitastigi í blandara og spena. Villuboð birtast ef farið er yfir þessi mörk.

Til dæmis:

- \*"Target" (æskilegt) hitastig: 42°C
- \*Hámarksfrávik niðurávið: 10°C
- \*Hámarksfrávik uppávið: 5°C

Villuboð koma upp ef:

- \*Hitastig fellur niður fyrir 32°C (42°C-10°C)
- \*Eða hitastig fer upp fyrir 47°C (42°C+5°C)

Hámarksfrávik blandarans fylgir æskilegu hitastigi mjólkur. (target temperature)  
Hitastig í blandara er því lægra en æskilegt hitastig.

## Innstilling á blandara

```

Feeder No.: 01    U40-Feeder

                Mixing time:-->005 sec(1)
Circulation before feeding: 002 sec(2)

                Pumping off rest (M1): Active(3)
*
Rest                                (03/05)
    
```

- (1) Sá tími sem blandarinn fær til að dæla vatni og dufti í blandarann.
- (2) Sá tími sem blandarinn fær til að hræra afgangsböndu saman.
- (3) "Active" (virkt)

Sláið inn tímamörkin fyrir blandarann þegar mjólkurduftið er komið í sílóíð. Farið eftir leiðbeiningum framleiðanda duftsins varðandi hlutföll.

Hræra þarf í afgangsböndunni áður en næsti kálfur drekkur, "Circulation before feeding" mælt er með að lágmarki 2 sekúndur.

Ef hætta er á löngu tímabili milli gjafa, t.d. ef fáir kálfar eru um fóstruna, er nauðsynlegt að dæla böndunni út eftir ákveðinn tíma. "Pump off rest" Þannig helst blandan alltaf fersk.

Hnappur	Virkni
M1	Áfram á "Pump off rest" valmynd
M4	Áfram á bls. 04/05

```

Feeder No.: 01    U40-Feeder
                Pumping off rest
                (1)after:-->005 min
                (2)by changing E.lyt Milk: No
                (3)by remaining medicines: No
*
                Back
    
```

Hnappur	Virkni
M3	Tilbaka á bls. 03/05

- (1) Biðtími áður en afgangi er dælt út. Ef slegið er inn "---" (1 x ) er böndunni ekki dælt út eftir fóðrun.
- (2) "Yes": Afgangi er dælt út þegar skipt er á milli mjólkur og dufts.
- (3) "Yes": Afgangi dælt út þegar bætt hefur verið lyfjum í bönduna.

## Hreinsun

Feeder No.:	01	U40-Feeder
		1st cleaning: ->06:00 (1)
		2nd cleaning: 17.00 (1)
		Detergent 1: 05 sec (2)
		Detergent 2: 03 sec (2)
		cleaning ratio: 1/1 (3)
*		
Extended		(04/05)

- (1) Tímasetning hreinsunarferla 1 og 2.
- (2) Tímabil milli innskota á hreinsiefni.
- (3) Hlutfall milli hreinsiefna 1 og 2.

U20 kálfafóstran er útbúin með tvær tegundir af hreinsiefni. (1/1) Þegar einungis er notast við mjólkurduftsblöndu, er nóg að hreinsa fóstruna einu sinni á dag. Mælt er með að nota **Urban S30** (sýra) og **Urban A30**. (alkaline) Eftirfarandi hlutföll eru möguleg:

**1/0:** öll hreinsun fer fram með hreinsiefni 1. (sýru)

**1/1:** eftir hreinsun með hreinsiefni 1, (sýru) er hreinsað með hreinsiefni 2 (alkaline) einu sinni.

**1/2:** eftir hreinsun með hreinsiefni 1, (sýru) er hreinsað með hreinsiefni 2 (alkaline) tvisvar sinnum.

**1/3:** eftir hreinsun með hreinsiefni 1, (sýru) er hreinsað með hreinsiefni 2 (alkaline) þrisvar sinnum.

Hnappur	Virkni
M1	Áfram á "Extended Rinse" valmynd
M4	Áfram á bls. 05/05

Feeder No.:	01	U40-Feeder
		clear rinse every: ->04 h. (1)
		cleaning temp.: 48.0 C (2)
		Fill.level clean.: 1300 ml (3)
		Close cleaning prog.: No (4)
*		
		Back

- (1) Tíðni sjálfvirks hreinsiferils.
- (2) Hitastig hreinsivökva.
- (3) Magn hreinsivökva í blandara.
- (4) "Yes": slökkt á sjálfvirku hreinsiferli.

## Merkjasendir

Feeder No.:	01	U40-Feeder
Station	Responder	Energy
1 (1)	0000 (2)	->050 (3)
*		
Maintenance		(05/05)

- (1) Styrkur merkjasendis (15 - 100)
- (2) Númer merkjasendis við stöðina.
- (3) Númer fóstru.

Hnappur	Virkni
M1	Áfram á "Maintenance" valmynd
M4	Tilbaka á bls. 01/05

## Maintenance (viðhald)

Beint innval:

```
Feeder No.: 01    U40-Feeder
Silicon hoses changed:
           1           2
squeezing valve 1:-->--.--.-- --.--.--
*
Back (01/04)
```

Þegar skipt hefur verið um silicon slönguna í kreistiventlinum, þarf að slá inn dagsetninguna hérna

(2x )

4 síðustu dagsetningar eru sýndar.

Hnappur	Virkni
<input type="button" value="M3"/>	Tilbaka á "Merkjasendir" valmynd
<input type="button" value="M4"/>	Áfram á bls. 02/04

### Bls. 02/04

```
Feeder No.: 01    U40-Feeder
Annual inspection:->08.03.2007
Water: 0.002.017
Wholemilk: 0.001.234
CMR: 0.000.475
Mixture: 0.003.876
*
Back (02/04)
```

Hér sést:

\*Dagsetning síðustu skoðunar.

\*Magn vatns, mjólkur og mjólkurdufts síðan þá.

\*Fjöldi blöndunar síðan þá.

Hnappur	Virkni
<input type="button" value="M3"/>	Tilbaka á "Merkjasendir" valmynd
<input type="button" value="M4"/>	Áfram á bls. 03/04

### Bls. 03/04

```
Feeder No.: 01    U40-Feeder
Temperature tolerance
Since: 28.03.2007
Negative: 005 interior of
Positive: 000 exceeded
*
Back (03/04)
```

Hér sést:

\*Dagsetning þegar hitafrávik fóru fyrst yfir mörk.

\*Hversu oft farið hefur verið yfir og/eða undir mörkin.

Hnappur	Virkni
<input type="button" value="M3"/>	Tilbaka á "Merkjasendir" valmynd
<input type="button" value="M4"/>	Áfram á bls. 04/04

## Bls. 04/04

Feeder No.: 01	U40-Feeder
Start-up date:	08.03.2007
Water:	00.002.017
Wholemilk:	00.001.234
CMR:	00.000.475
Mixture:	00.003.876
*	
	Back (04/04)

Hnappur	Virkni
M3	Tilbaka á "Merkjasesendir" valmynd
M4	Tilbaka á bls. 01/04

Hér sést:

\*Dagsetning þegar fóstur var tekin í notkun.

\*Magn vatns, mjólkur og mjólkurdufts síðan þá.

\*Fjölda blöndunar síðan þá.

## Whole milk (mjólk)

Beint innval:

### Bls. 01/02

Feeder No.: 01	U40-Feeder
Continue without wholemilk:->Yes (1)	
M1: Whole milk pump in	
M2: Pump out rest	
Wholemilk	Pump out
	Back (01/02)

(1) "Yes" ef mjólkurgeymirinn tæmist, skiptir fóstur yfir í mjólkurduft.

Hnappur	Virkni
M1	Handvirk uppdæling á mjólk (einnig á aukafóstru)
M2	Handvirk útdæling á mjólk (einnig á aukafóstru)
M3	Tilbaka á "Feeder" valmynd
M4	Áfram á bls. 02/02

Hér gefst kosur á að handstýra dælingu á mjólk.

Þegar mjólkurgeymir hefur tæmist, eða hann hreinsaður, er gott að dæla mjólkinni handvirk.  Þetta fyllir slönguna af hreinni mjólk og stýttir biðtímann fyrir næstu fódur.

### Bls. 02/02

Feeder No.: 01	U40-Feeder	
Cleaning kind:	Date	Time
Whole milk cleaning:1	19.03.2007	12:05
Whole milk cleaning:1	19.03.2007	19:00
Whole milk cleaning:1	20.03.2007	12:05
Whole milk cleaning:1	20.03.2007	19:00
	Back	(02/02)

Síðustu 6 hreinsanir eru vistaðar í minni fósturrunnar, og fjórar síðustu sýndar á bls. 02/02. Hægt er að fletta upp og niður með  /

Hnappur	Virkni
